

## Þáttur úr alheimslíffræði.

### I.

Þegar miðað er við allan aldur mannkynsins, þá er ekki langt síðan menn ímynduðu sér að jörðin væri mestallur heimurinn, en sól tungl og stjörnur einsog smávegis viðaukar, settir á himininn til að lýsa jörðinni. Menn héldu að himininn með sólunni og öllum stjörnunum snerist í kring um jörðina, og hinn rétti skilningur á þessu kom seint fram og var lengi að ryðja sér til rúms. Nú vita þó allir, sem nokkra mentun hafa hlotið, að jörðin er ekkert annað en litil stjarna, sem svífur í geimnum ásamt ótölulegum grúa annara hnatta, og þótt langflestar af þeim stjörnum sem vér sjáum, séu sólstjörnur, þ. e. líks eðlis og sól vor, þá má telja víst að afarmargar jarðstjörnur séu til, sem öðrum sólum fylgja, þó að allar eða allflestar felist þær sjónum vorum — eða réttara sagt fjarsjám og myndavélum stjörnufræðinganna — enn sem komið er. Liggur þá nærri að spyrja, hvort ekki muni vera til lifandi verur og jafnvel mannkyn, víðar í alheimi en á vorri jörð. Um þetta efni hafa margar bækur verið skrifaðar, einkum á þessum síðustu 2–3 áratugum, en þær snúast allflestar um það að íhuga hvaða skilyrði þurfi til þess að lifandi verur þrífist á einhverjum hnetti, og hvort gera megi ráð fyrir jarðstjörnum, þar sem slík skilyrði eru fyrir hendi. En jafnvel þeir, sem telja afarlíklegt að svo sé, hafa þó litla eða enga von haft um að geta kynst lífinu á byggðum stjörnum, a. m. k. utan vors sólhverfis, vegna þess hvað fjarlægðirnar í geimnum eru geysimiklar. En raunar sýnir nú saga vísindanna, að ýmislegt það sem talið var vonlaust um eða vonlítið, hefur þó tekist, og það jafnvel einmitt um það leyti er spáð var sem hraklegast fyrir framförum í þá átt, eða þá skömmu síðar. Þannig kom á Þýzkalandi, seint á 17. öldinni út bók, þar sem því var haldið fram að það væri mannlegum skilningi ofvaxið að vita hvernig stæði á flóði og fjöru, en þá var þó fyrir skömmu komið út á Englandi rit, sem gerir grein fyrir þessu

(Principia Newtons). Og þá er ekki síður fróðlegt að minnst þess hversu sannfærðir menn hafa verið um það, að efnin í stjörnunum mundu menn aldrei geta rannsakað. Kvað svo ramt að þessari sannfæringu, að einn af vitrustu mönnum 19. aldarinnar, heimspekingurinn Aug. Comte, sagði að eitt það sem telja mætti alveg víst um framtíðina, væri þetta, að efnafræðin mundi aldrei ná til stjarnanna. En þó liðu ekki nema 12 ár þangað til Kirchhoff færði út svið vísindanna á þenna stórkostlega hátt (spektralanalyse: brákönnun; spektrum: ljósbrá; spektroskop: brásjá).

Og nú, þó að menn hafi verið og séu flestir ennþá engu síður ramlega sannfærðir um, að líffræðin muni aldrei ná til stjarnanna en Comte var um, að aldrei mundi geta orðið um alheims-efnafræði að ræða, þá er þó nú svo komið, að fundin er aðferð til þess að rannsaka lífið á stjörnunum. Og líkt og áður hefur borið við í sögu vísindanna, þá fanst þetta við athuganir á sviði, sem fæstum mun hafa þótt vænlegt til þesskonar uppgötvana. Það hefur sýnt sig, að draumlífið byggist á nokkurskonar sambandsástandi, og að sambandsveran — sem ég hef nefnt draumgjafa — er oftast nær íbúi annarrar stjörnu, og er áriðandi að menn láti sér skiljast, að hér er enganveginn um tilgátu eina að ræða heldur um sannleik leiddan í ljós. Mér dylst það nú að vísu ekki, að það er auðvelt að sýna mér ofmetnað í þessu efni og segja að hér sé aðeins um einhverjar ímyndanir mínar að ræða, en ekki vísindalegar uppgötvunarir. En rangindi er slíkt, og þó að þau bitni á mér fyrst, þá munu þau leita heim seinna meir. Því að það er heimslögmál, að öll rangindi bitna að síðustu á sjálfum þeim, sem fremja.

Það vantar nú minst á að 31 ár sé liðið síðan ég tók fyrir að rannsaka eðli drauma, og er ég ekki sannfærðari um að ég er til, en að það er í öllum aðalatriðum sannleikurinn, sem ég flyt yður um það efni.

Það hefur enn fremur komið í ljós, að sambandsástand (trance) miðilsins er náskýlt svefninum, blátt áfram litilsháttar afbrigði hins vanalega (normala) svefns, og að sofandi miðill segir oss frá draumum, sem í aðalatriði eru sama eðlis og þeir sem alla menn dreymir; og þegar því miðlarnir eru að

segja oss af hógum framliðinna, þá eru þeir að fræða oss um lífið á stjörnunum. En því miður hefur sú fræðsla þó altaf verið mjög ófullkomin, og einmitt fyrst og fremst af því, að menn hafa ekki áttað sig á þessum undirstöðuatriðum, sam hér hefur verið vikið á. En þegar það verður gert, má búast við miklum og furðulegum framförum, sem þýðingar-meiri munu reynast fyrir allan hag mannkynsins en nokkrar, sem orðið hafa áður.

## II.

Ein af allrabeztu framlíflýsingum, sem ég hef kynst, heitir *Gone West*, og er eftir J. S. M. Ward, mann sem gæddur hefur verið mjög merkilegum miðilshæfileikum. Segir Ward í bók þessari af framæfi bróður síns, sem féll í ófriðnum mikla — af því er leitt heiti bókarinnar — og einnig tengdaföður, og ennfremur liðsforingja, sem þessir tveir höfðu kynst eftir dauðann. Hafði foringi þessi verið hinn mesti hrotti og ill verk unnið, en þó var það meir ofsi og óbilgirni, sem stjórnað hafði athöfnum hans, en grimd og illgirni; og þessvegna er það, að þótt hann lendi í mjög illum stöðum eftir dauða sinn og verði margt mjög ilt að þola, þá dvelur hann þar ekki lengi og fer eftir aðeins nokkur ár að komast uppávið og burt úr svo illum stöðum að heita megi helvíti. Og þá er það sem J. S. M. Ward nær sambandi við hann fyrir tilstilli bróður síns og tengdaföður, og fær fréttir af ýmsu því, sem á daga hans hefur drifið í hinum illu stöðum. Það sem hér skal saqt, gerist í einu af hinum vægari eða vægustu vítum, og er þá liðsforinginn kominn á framfaraleið, og það sem verst var, er orðið langt að baki honum.

Liðsforinginn kemur í borg eina mikla, er stendur við stóra á, ljóta mjög og skoluga. Og sjálf er borgin hin leiðasta yfir að líta, alstaðar rísa gnæfandi reykháfar, alstaðar verksmiðjur og vörugæmsluhús, en ófagar og óhreinar götur á milli. Alstaðar er söt og óþverri. Iðandi mannfjöldi er á leið úr verksmiðjunum og í þær, og nemur liðsforinginn staðar og spyr hvað fólk þetta sé að gera. Einn úr mannfjöldanum verður til að svara og segir: En vinna, eða hvað heldurðu? Liðsforinginn spyr þá hvað þeir geri við varninginn, sem þeir

búa til; en hinn segir: »Við seljum hann náttúrlega: en það skrítna er, að jafnskjótt sem vörurnar hafa verið seldar, eru þær aftur komnar fram í verksmiðjunni, þar sem þær höfðu verið búnaar til. Það er þessvegna, sem öllum verksmiðjunum fylgja þessi mörgu og geysistöru vörugeymsluhús. Við erum alltaf að byggja ný geysluhús yfir vörurnar. Öll borgin er full af þeim, við getum ekki losnað við þetta bölvad dót. Verksmiðjurnar eru alltaf að offyllast af varningnum, sem snyr þangað aftur, og hvað sem við gerum til að losna við hann, þá kemur hann alltaf aftur«. »En hversvegna brennið þið þá ekki varningnum?« segir liðsforinginn. »Brenna?« anzar hinn, »við höfum brent heila tylft af stórum vörugeymsluhúsum í einu, en þau koma fram aftur, með öllum vörunum. Við getum blátt áfram ekki losað okkur við þetta leiða skran«. »Hversvegna eruð þið þá að halda áfram að framleiða vörur?« segir liðsforinginn. »Við getum ekki að þessu gert«, segir hinn. »Það er ósjálfrátt. Einhver undarlegur kraftur virðist knýja oss til þess að halda áfram að vinna og vinna, hvíldarlaust«. Liðsforinginn segir þá eitthvað um að hugarfar hins muni ekki, meðan hann lifði á jörðunni, hafa verið af hinni réttu tegurd, og þessvegna haldi hann nú í helvíti áfram hvíldarlaust, og vinni sífellt á þenna óskemtilega hátt. »Helvíti?« segir hinn, það er ekkert helvíti til og himnaríki ekki heldur«. »En hvar er það þá, sem þú ert?« segir liðsforinginn. »Það veit ég ekki«, segir hinn, »og ég hirði heldur ekkert um að vita það. En líttu annars á allan þenna fjölda af kirkjum og prestum, sem hér er.«

### III.

Mér virðist lýsing þessi fróðleg og ekki sízt á þessum tímum, sem nú eru og kendir eru við kreppu. Í lýsingunni kemur ekki greinilega fram, vegna hvers maðurinn, sem heima á í verksmiðjuborg þessari hinni miklu, sem getur ekki með neinu móti losnað við framleiðslu sína, þarf að dvelja í svo leiðum stað. En ástæðan er sú, að meðan hann lifði hér á jörðu, hefur hann knúið fólk sitt áfram miskunarlítið, við vinnu, sem því fanst leið og tilgangslítill; og hið dularfulla afl eða vald, sem nú rekur hann sjálfan áfram á svipaðan

hátt, á upptök sín í honum sjálfum. Hið illa, sem hann hafði gert öðrum, vitjar hans sjálfs, án þess að nokkurn dóm sé verið að framkvæma eða nokkur hafi dæmt hann. Natúru-lögmál það, sem hér kemur til greina, er vissulega stórmerki-legt, og nákvæmari þekking á því mun hafa hin mestu áhrif á alla siðafræði.

Býsna furðuleg virðist oss sú saga, að hús og munir komi fram aftur jafnharðan, þótt brunnið hafi. En þó eru til rannsóknir, sem sýna að slíkt getur átt sér stað. Árið sem leið flutti *Zeitschrift für Parapsychologie* (Tímarit um sálvænar rannsóknir) langa ritgerð (*Apportstudien*) eftir prófessor C. Blacher, sem fróðleg er í þessu sambandi. Höfundurinn er verkfræðingur og háskólakennari (prófessor »der technischen Chemie« við háskólann í Riga). Segir í nefndu riti (s. 531) frá því er miðillinn, sem Blacher er að gera tilraunir með, býðst til að brenna hlut og láta hann svo koma fram aftur sem óbrunninn væri. Prófessorinn merkir síðan blað og brennir, og fer einsog miðillinn hafði sagt, að blaðið kemur fram aftur, einsog ekkert hafi ískorist. Í ólíklegasta lagi virðist að hinn reyndi og rosni efnafræðingur og verkfræðingakennari, sem auk þess er þaulvanur miðilsrannsóknnum, hafi þarna verið blektur. Ennfremur er sagt frá afarmerkilegum tilraunum til að koma á fundinn (apportera) dýrum, sem dauð eru upp tekin, en á að lifga á fundinum, og virðast þær tilraunir ekki alveg hafa mistekist. En miðillinn — eða réttara sagt hinn framlíðni, sem starfar gegnum miðilinn — kveðst gera þetta til að sýna, að maður sem er orðinn að moldu, geti þrátt fyrir það, orðið til í sinni fyrri mynd og lifað að nýju. Þykir mér vænt um að sjá slíkt, þareð ekki virðist með öllu ómögulegt að það verði til að greiða fyrir skilningi á því, að eftir dauðann er aftur lifað líkamlegu lífi líkt og áður, þó að líkaminn sé nýr. En meðan menn skilja ekki þetta undirstöðuatriði, er litilla framfara að vænta á þessu mjög svo áriðandi sviði líffræðinnar.

#### IV.

Geysihá er orðin tala þeirra, sem dáíð hafa hér á jörðu á þeim þúsundum alda, sem líðnar eru frá því er fyrst var hér

til mannkyn. Hvað hefur orðið um allan þennan grúa framliðinna? Þessu má svara með vissu. Þeir hafa numið ný lönd, nýjar jarðstjörnur. Vor jörð er einsog »gamla landið« fyrir sæg af jarðstjörnum, sem byggt hafa frá henni, að öllu eða ef til vill aðeins nokkru leyti. Því miður hefur mjög mikill fjöldi manna lifað svo gagnstætt tilgangi lífsins, að eftir dauðann koma þeir fram í mannfélögum sem að öllu eru verri en verið hefur hér á jörðu. Er af tilveru slíkra staða spröttin trúin á helvíti. Margt fólk hefur aftur verið svo framfaralítið í þessu lífi, að þar sem það byggir eftir dauðann, er að mörgu mjög svipað og hér á jörðu. Hafa hó margir þar skamma dvöl, en fara þaðan skjótt uppávið eða niðurávið. En þeir, sem vel hafa stefnt í lifinu hér á jörðu, koma þegar því lýkur fljótt fram á hinum góðu stöðum, sem trúin hefur nefnt gimlé eða himnaríki. En gimlé, eða öllu heldur gimhlér, þýðir: staður þar sem bæði er bjart og hlýtt, og er nafnið hin fullkomna andstæða við niðhel, sem þýðir: staður þar, sem bæði er dimt og kalt.

Í sögu mannkyns vors hér á jörðu hefur margt miðað mjög til sambands við hina verri staði, glæpamannanýlendur jarðar vorrar, og hefur af því mikið ilt hlotist, svo að mjög hefur orðið til tafar á framfaraleiðinni. Munu söguvísindi framtíðarinnar rekja þau áhrif á hinn fróðlegasta hátt, og að sínum hluta stuðla að því, að stefnt sé til sambands við hina góðu staði. Er þeim, sem þar búa, hinn mesti hugur á að hjálpa mönnunum til þess að koma lífinu hér á jörðu í rétt horf, þannig að mannflutningar héðan til hinna illu staða geti farið æ minkandi, unz þeim lýkur alveg. En úrslitatriði er það í þessum efnum að byrja að átta sig á þessu, eða að færa svo út svæði líffræði og annara náttúruvísinda, að þau nái þar yfir, sem áður varð að láta sér nægja trú og tilgátur. Og meðan ekki er öðru til að dreifa, fer alt af svo, að fullkomin vantrú, alger vanþekking á því, sem svo mjög mikið ríður á að vita, kemur í trúarinnar stað.

Kenning þessi, sem hér hefur verið nokkuð af sagt, hefur þann kost, að jafnskjótt sem menn fást til að sinna henni og haga rannsóknum samkvæmt því sem hún bendir til, munu þeir ganga úr skugga um að hún er rétt.

1. febrúar 1933.

*Helgi Pjeturss.*